

Verkfræðistofan Afl og Orka ehf
Erla Björk Þorgeirsdóttir
Hringhellu 9A 9A
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 9. október 2023
UST202309-155/B.S.
10.05.08

Efni: Tunguvirkjun. Umsögn

Vísað er til erindis Verkfræðistofunnar Afls og Orku ehf dags. 15. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirætlanir um virkjun í landi Keldna á Rangárvöllum.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar sem þarf að skoða er áhrif á vatnshlotið, fossa, vatnalífriki, ásýnd vegna mannvirkja og rask á gróðri og fuglalífi.

Stjórn Vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir því hvaða vatnshlot verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna og hvert umfang þeirra áhrifa verður. Framkvæmdaaðilinn þarf að leggja mat á það hvort framkvæmdin komi til með að valda hnignun á ástandi þeirra vatnshlota sem tengjast framkvæmdinni beint eða óbeint. Gera þarf grein fyrir því hvort framkvæmdin komi í veg fyrir að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist. Verði niðurstöður slíks mats að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist líklega ekki þarf að meta framkvæmdina í samræmi við 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og óska eftir heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti.

Lega vega og aðrennslispípu

Skoða á hvort unnt sé að leggja pípu í jaðar þess svæðis sem sýnt er á teikningu og forðast ef unnt er að skipta svæðinu algerlega í tvennt. Varðandi aðkomu og vinnuvegi ætti eins fljótt og unnt er að skilgreina lagnaleið og leggja þar aðkomuveg að stíflustæði í stað þess að reyna að nýta ófullkomnar slóðir þannig að ekki verði óþarfa slóðagerð á svæðinu. Ef mögulegt er ætti að reyna að velja námusvæði þannig að sem minnst þörf verði fyrir námuvegi. Gera ráð fyrir að frágangur á lagnaleið miði að því að sjónræn áhrif verðir sem minnst og ef lagðir verða vegir sem ekki nýtast frekar ætti að afmá vegina og græða land upp þar sem farið verður um gróðurlendi.

Tungufoss

Umhverfisstofnun bendir á að fossar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef verkefnið gerir ráð fyrir röskun á fossinum þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á fossinum.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur
Axel Benediktsson,
sérfræðingur